

2.3. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 100,00.

2.4. Um dráttarvexti.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. Um sölugjöld.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innfalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. Breytingar á gjaldskrá.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 512, 24. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. janúar 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ**um búfjárhald í Þorlákshöfn.****1. gr.**

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hafa stjórn og yfirsýn yfir búfjárhald í Þorlákshöfn til þess að koma megi í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir hreppsúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrifaleg og í samræmi við vilja sveitarstjórnar á hverjum tíma.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Þorlákshöfn án leyfis sveitarstjórnar. Hestahald er þó heimilt á til þess skipulögðum svæðum enda uppfylli menn þau skilyrði sem sveitarstjórn setur á hverjum tíma. Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókn skal tilgreina tegund og fjölda búfjár og húsakost.

3. gr.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er skal veita umsækjanda leyfi til búfjárhalds, en það skal takmarkast við ákveðinn fjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur Ölfushrepp þó ekki til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða

annarri aðstöðu. Leyfi er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð reglugerð þessari og er uppsegjanlegt með 1 árs fyrirvara miðað við 1. júní. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé farið úr landi Þorlákshafnar eigi síðar en 3 mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi og má eftir þann tíma selja það á uppboði eða slátra því á kostnað eiganda. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár og gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið með viku fyrirvara. Heimilt er sveitarstjórn að innheimta gjald fyrir leyfi til búfjárhalds.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar skal hreppstjóra falið að taka það í sína vörslu og selja það á uppboði eða slátra því. Öll lausaganga búfjár er bönnuð í Þorlákshöfn, búfé sem gengur laust skal hreppstjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir er fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra hreppstjóra frá því tafarlaust.

Eigendum slíks ágangsfénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun og geymslu fénaðarins áður en hann er afhentur, innan 48 klukkustunda. Eftir þann tíma verður búfénaðurinn seldur á uppboði. Ákvæði þessarar greinar svo og 3. greinar gilda einnig um búfé í eigu annarra en íbúa Ölfushrepps.

5. gr.

Eftir 2. febrúar 1988 verða aðeins leyfðar byggingar fyrir búfénað á til þess skipulögðu svæði og skulu þeir er hyggjast byggja slík hús fá teikningar og byggingarskilmála á skrifstofu Ölfushrepps.

6. gr.

Í byrjun kjörtímabils skal sveitarstjórn kjósa 3 menn og 3 til vara í búfjárnefnd. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í öllum málum sem búfjárhald varða í Þorlákshöfn. Einnig er sveitarstjórn heimilt að fela nefndinni að annast um framkvæmd tiltekinna atriða í þessum málum og setja nánari reglur um framkvæmd þeirra.

7. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar reglugerðar eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar skulu innan 2ja mánaða frá gildistöku hennar, tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því.

Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum skal tekinn í vörslu af hreppstjóra og boðinn upp eða lógað að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem sett er af hreppsnefnd Ölfushrepps samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línadal.